

313. fundur Skólaneftndar FS

18. apríl 2012



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ólöf Bolladóttir, Böðvar Jónsson, áheyrnarfulltrúinn Gunnar Valdimarsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Byggingamál - umsögn Brunavarna Suðurnesja.
 3. Starfið á vorönn.
 3. Önnur mál.
 4. Ráðningarmál.

1. Byggingamál - umsögn Brunavarna Suðurnesja.

Skólameistari sagði frá umsögn Brunavarna Suðurnesja um hugmyndir um viðbyggingu við skólann. Brunavarnir gera ekki athugasemdir við hugmyndirnar en leggja áherslu á að brunahanna þarf stækkun húsnæðis og tryggja aðkomu björgunaraðila. Skólaneftnd samþykkir að senda erindi til ráðuneytis og óska eftir því að hafist verði handa við að undirbúa stækkun húsnæðis. Einnig verði hugmyndirnar kynntar Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og umhverfis- og skipulagssviði Reykjanesbæjar. Skólameistara og formanni falið að ganga frá þessu.

2. Starfið á vorönn.

Skólameistari sagði frá starfinu á vorönninni. Hann taldi nauðsynlegt að auka framlag á hvern nemanda en annars verði ekki hægt að halda óbreyttri starfsemi. Búið er að taka saman upplýsingar um samsetningu nemendahópsins og þær virðast ekki gefa tilefni til þess að framlög á hvern nemanda eigi að hækka minna en í sambærilegum skólum. Skólaneftnd lýsir áhyggjum sínum af horfum í fjármálum skólans og felur skólameistara að senda ráðherrum menntamála og fjármála erindi og óska eftir leiðréttingu. Skólameistari sagði einnig frá nýjungum í starfinu á önninni. Búið er að auglýsa þrjár kennarastöður fyrir næsta vetur.

3. Önnur mál.

a) Skólameistari kynnti hugmynd um nýja námsleið en hún byggist á því að nemendur stundi nám við skólann hálfan daginn en séu að auki í smiðjum eða vinnustaðanámi. Smiðjurnar myndu þá tengjast smíðum, listum, matreiðslu o.s.frv. Þessi námsleið væri hugsuð fyrir nemendur á 1. og 2. ári sem ekki standa vel námslega.

b) Verið er að ganga frá samningum við Keili og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum um að meta nám milli stofnananna. Verið er að undirbúa stofnun miðstöðvar sem á að styrkja og veita ráðgjöf fyrir allar menntastofnanir á svæðinu.

Skólameistari og áheyrnarfulltrúi kennara yfirlög fundinn áður en 4. mál var rætt.

4. Ráðningarmál.

Rætt um umsóknir um stöðu skólameistara. Umsækjendur eru Anna Kristjana Egilsdóttir, Jóhannes Ágústsson og Kristján Pétur Ásmundsson. Eftir að hafa skoðað umsóknir m.t.t. menntunar, reynslu og hæfni umsækjenda mælir skólanefnd einróma með Kristjáni Pétri Ásmundssyni í starf skólameistara.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari